

# Hógvær ábending

Helgi Júlíusson, skrifar:

„Velvakandi og kæru lesendur.

Allir læknar og flestir leikmenn vita, að þeir, sem eru ellihrumir eða hafa þjáðst af miklum líkamlega veiklandi sjúkdómum, hafa svo alvarlega skertan viðnámsþrótt gagnvart líkamlegu álagi eða veikindum, að það sem er heilbrigðu fólki alveg meinlaust, getur dregið þá líkamlega vanheilu til dauða, eins og skyndileg áreynsla fyrir hina hjartaveiku, eða vetrarkuldi og slæmt kvef fyrir hina ellihrumu. Hins vegar er það svo, að margir leikmenn, nánustu aðstandendur og jafnvel læknar þeirra sem eru andlega vanheilir, bæði hinna ungu sem verða þannig nokkuð skyndilega, og hinna eldri, sem lengi hafa strítt við andlega vanheilsu, þótt oft hafi farið dult, virðast ekki skilja, að slíkir einstaklingar hafa sambærilega skertan viðnámsþrótt gagnvart andlegu álagi, sem er heilbrigðu fólki meinlaust, eins og langvarandi einmanaleiki eða andvökur, þannig að undir slíku álagi geta hinir andlega vanheilu brotnað niður og orðið áberandi geðveikir, eða gripið til örþrifa-ráða, svo sem óeskilegra lífnáð-arhátta eða ofnotkunar lyfja og annarra efna, til að draga úr vanlíðan sinni. Þegar þetta gerist, mæta hinir andlega vanheilu mjög oft engum skilningi, samúð eða aðstoð þeirra sem þeir umgangast, heldur oft fyrirlitningu, andúð og jafnvel ofsóknum og fjandskap.

Í Reykjavík hefur í fáein ár

starfað félag geðsjúklinga, velunnara þeirra og aðstandenda. Félagið heitir Geðhjálp og hefur margvislega hjálparstarfsemi á stefnuskrá, auk funda, fyrirlestra og starfsemi minni hópa sem koma saman á heimilum félanna. Ef einhver hefur áhuga á þessu félagi, get ég, með leyfi viðkomandi stjórnarmanna, sem ég þekki, bent þeim á að snúa sér til Hope Knútsson, núverandi for-

manns, í síma 73734, eða Nönnu Þorláksdóttur, í síma 81118, eða Ingibjargar Snæbjörnsdóttur, í síma 32852 (líka er hægt að kynnst þessu félagi hjá mörgum öðrum). Vissulega eru margar fleiri leiðir til að berjast við ofangreind vandamál. Þetta bréf er aðeins hugsað sem hógvær ábending á einn félagsskap, sem, ef hann rís undir nafni, getur ef til vill hjálpað einhverjum.“